



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2016

GRTE1FA05 Grunnteikning

Kennari:	Eyvindur Bjarnason	Sk.st.	EY
	Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti. Í fyrsta efnisþætti er fjallað um fallmyndun og þeim seinni ásmyndun og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Lestri teikninga
- Gerð grunnatriða vinnuteikninga
- Gerð fallmynda
- Gerða ásmynda
- Gerð þrívíðra rissteikninga

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Velja teikniáhöld, línugerð og tákni til að vinna fallmyndir og þrívíðar myndir samkvæmt fyrirætlunum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis

Námsefni:

Grunnteikning 1 (mappa með teikniverkefnum og skýringum)

T-reglustrika – 40 cm.

Teiknihorn – 45° og 60°

Sirkill

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5 mm. 2H og 4H

Línuveiðari

Teikniskriftarhorn

Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 90% af tilskyldum verkefnum áfangans og kennari samþykkt þau.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	40%
Próf	Lokapróf	60%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Með því að fylgja eftirfarandi áætlun á að vera hægt að koma af í kennslustundum öllum verkefnum – frá viku til viku – og losna þannig við heimavinnu.

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu. Að því loknu kvittar kennari í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu.

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vikur	Námsefni og verkefni	x
1. Vika	Upphaf kennslu - inngangur og upphaf vinnu við verkefni. Verkefni: Teiknskript 1-2-3-4.	
2. Vika	Fallmyndun verkefni 1-2-3-4-5-6-7-8-9-10	
3. Vika	Verkefni : 11-12-13-14-15-16-17-18	
4. Vika	Verkefni : 19-20-21-22-23-24-25-26	
5. Vika	Verkefni: 27-31-32-33-34-35-36	
6. Vika	Verkefni: 40-41-42-43-45-46	
7. Vika	Verkefni: 48-50-51-52-53-54	
8. Vika	Verkefni: 55-56-58-59-60-61	
9. Vika	Verkefni: 62-63-64-65-66-68	
10. Vika	Verkefni: 69-71-72-74-75-76	
11. vika	Verkefni: 77-78-79-81-82-83	
12. Vika	Ásmyndun og fríhendisteikning- lestu skýringarnar sem eru á undan verkefnunum. Verkefni: 1-2-3-4	
13. Vika	Verkefni: 5-6-8-9-10	
14. Vika	Verkefni: 11-13-14-15-17	
15. Vika	Verkefni: 18-19-21-22-	

16. Vika	Frágangur og ef til vill skoðun á gömlum prófum.	
----------	--	--